



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 18. júní 2015

1504035SA GB
Málalykill: 401

Efni: Athugasemd við nefndarálit - verndarsvæði í byggð, 629. mál

Lögfræðingar Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa farið yfir nefndarálit meirihluta allsherjar- og menntamálanefndar um ofangreint mál, ásamt breytingartillögum sem er dags. 11. júní sl. Af hálfu sambandsins er talið óhjákvæmilegt að setja fram eftirfarandi athugasemdir við álitnið og breytingartillögur meirihlutans. Er jafnframt óskað eftir því að nefndin kalli fulltrúa sambandsins og einstakra sveitarfélaga fyrir nefndina að, til að freista þess að ná mögulega betri sátt um efni frumvarpsins.

Ábendingar við nefndarálitið

Mikill ágreiningur er um málið

Gerð er athugasemd við það af hálfu sambandsins að við lestur nefndarálitsins sér þess hvernig stað að mjög alvarlegar athugasemdir voru gerðar af hálfu umsagnaraðila við efni frumvarpsins. Einkum er gerð athugasemd við eftirfarandi setningu efst á bls. 2 í álitinu:

Þó var samhljómur að mestu leyti um markmið frumvarpsins og er því ljóst að mikilvægt er að tryggja í sessi þá hugmynd að varðveislugildi felist ekki eingöngu í stökum byggingum eða minjum sem efnislegum hlut heldur geti varðveislugildi falist í samspili ólíkra þátta í umhverfinu, heildarsvip bygginga á tilteknu svæði, ákveðnum sameiginlegum einkennum byggðarinnar og tengslum hennar við staðhætti, umhverfi og söguna.

Þessi setning er mjög fjarri raunveruleikanum. Staðreyndin er sú að mikil andstaða kom fram við frumvarpið og liggur fyrir sú afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga og margra sveitarfélaga, auk Skipulagsstofnunar, um að engin nauðsyn sé á þessari lagasetningu og jafnframt sé veruleg hættu á því að hún muni flækja mjög alvarlega skipulagslöggjöf.

Brottfall hverfisskipulagsáætlana

Gerð er alvarleg athugasemd við það af hálfu sambandsins að í nefndaráliti er engan rökstuðning að finna fyrir tillögu um að fella hugtakið *hverfisskipulag* úr skipulagslögum. Um það segir efst á bls. 3 og á bls. 4:

Einnig er lögð til tæknileg breyting er lýtur að brottfalli hverfisskipulags úr sömu lögum.

Meiri hlutinn leggur því til að áfram verði kveðið á um skyldu til að framkvæma húsakannanir við gerð deiliskipulags í byggðu hverfi



Samkvæmt fyrirnefndu ákvæði skipulagslaga en að aðrir málsliðir þess, sem lúta að hverfisskipulagi, falli brott.

Af hálfu sambandsins er bent á að hverfisskipulagsáætlanir eru nýmæli sem kom inn í skipulagslög árið 2010. Engin umræða hefur átt sér stað við sveitarfélögin um að fella heimild til gerðar hverfisskipulags úr lögum. Bent skal á að hverfisskipulag getur allt eins átt við um ný hverfi eins og þau sem eldri eru. Mjög óljósum og órökstuddum hugmyndum um að fella hugtakið brott úr skipulagslögum, sem fram komu í frumvarpi til laga um verndarsvæði í byggð, hefur verið harðlega mótmælt af hálfu sambandsins enda er ekki þörf á að gera þá breytingu á skipulagslögum þótt umrætt frumvarp verði að lögum.

Ílafnframt er mikilvægt að áréttu að hér er ekki um „tæknilega breytingu“ að ræða heldur veigamikla efnisbreytingu á skipulagslögum. Ílafnframt er mikilvægt að nefndin geri sér grein fyrir því að vinna er í gangi við gerð hverfisskipulagsáætlana hjá Reykjavíkurborg og hefur hlotist af því kostnaður fyrir það sveitarfélag.

Hvar er álit umhverfis- og samgöngunefndar?

Að beiðni Sambands íslenskra sveitarfélaga óskaði allsherjar- og menntamálanefnd eftir umsögn umhverfis- og samgöngunefndar um málið. Sambandið taldi afar mikilvægt að þess álits yrði aflað enda fer sú þingnefnd með skipulags- og umhverfismál og er því í lykilstöðu til að leggja mat á athugasemdir umsagnaraðila, m.a. um tengsl frumvarpsins við skipulagslög og hættu á því að flækjustig í löggjöf stórukist. Fulltrúar sambandsins mættu á fund umhverfis- og samgöngunefndar og lýstu þar sinni afstöðu til málsins ásamt áhyggjum um að samspil fyrirhugaðrar lagasetningar við þau lög sem þegar eru í gildi væri mjög óljóst og því veruleg áhætta í því fólgin að afgreiða frumvarpið sem lög frá Alþingi.

Ekki verður séð að álit nefndarinnar liggja fyrir í málinu og er hvergi vikið að aðkomu nefndarinnar í áliti meirihlutans. Hér er að áliti sambandsins um að ræða veigamikinn ágalla á málsmeðferð Alþingis. Er eindregið lagt til að 2. umræðu um frumvarpið verði frestað þar til álit umhverfis- og samgöngunefndar liggur fyrir.

Breytingartillögur meirihlutans

Að áliti lögfræðinga sambandsins eru breytingartillögur meirihlutans, að frátöldum 5. tölulið, flestar til nokkurra bóta á frumvarpinu, þótt áréttuð sé sú eindregna afstaða sambandsins að ekki sé neitt tilefni til þess að setja sérstök lög um það málefni sem frumvarpið fjallar um. Að áliti sambandsins er mun fýsilegri kostur að skoða hvaða betrubætur þurfi mögulega að gera á gildandi lögum og reglugerðum til að ná fram þeim markmiðum sem frumvarpið fjallar um, án þess að skerða skipulagsvald sveitarfélaga.

Sambandið gerir kröfu um að sú grundvallarbreyting á skipulagslögum, sem lögð er til í 5. tl. breytingartillagna, að fella brott öll ákvæði í skipulagslögum um hverfisskipulag, verði dregin til baka þar til málið hefur verið rætt nánar við fulltrúa sveitarfélaga. Eins og rakið er að framan eru engin rök færð fram



fyrir þeirri tillögu. Sambandið vill minna á að í álitum umhverfisnefndar Alþingis frá 31. ágúst 2010 sagði eftirfarandi um hverfisskipulag:

Nefndin ræddi nokkuð ítarlega deiliskipulag í þegar byggðu hverfi. Fyrir nefndinni komu fram sjónarmið þess efnis að slíkt skipulag reyndist illa í grónum hverfum og nauðsynlegt væri að koma á hverfisskipulagi sem gerði sveitarstjórn kleift að víkja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í nýrri byggð og leggja frekar áherslu á almennar reglur um yfirbragð og varðveislugildi byggðarinnar auk almennra rammaskilmála. Þessar reglur væri hægt að setja í sameiningu og samvinnu við íbúa auk þess sem unnt yrði að skilgreina afmörkuð þróunarsvæði. Telur nefndin um mjög athyglisverða hugmynd að ræða sem geti flýtt skipulagsferli og henti mun betur fyrir eldri hverfahluta sveitarfélaga. Í slíku hverfisskipulagi þyrfti ekki að uppfylla sömu kröfur og í áætlunum um nýja byggð varðandi byggingarreiti, byggingarlínur, kótasetningu, nýtingarhlutfall og byggingarmagn heldur yrði unnt að setja almennar reglur um yfirbragð byggðar með aukinni áherslu á að kortleggja sérkenni hennar og setja almenna rammaskilmála um breytingu á eldra húsnæði. Nefndin leggur til breytingu á 37. gr. þessu til samræmis og að frekari reglur um hverfisskipulag verða settar í reglugerð.

Ákvæði um hverfisskipulag hafa í kjölfar setningar skipulagslaga nr. 123/2010 verið útfærð í skipulagsreglugerð.

Af hálfu sambandsins er því harðlega mótmælt að allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis telji sig til þess bæra að fella ákvæði um hverfisskipulag úr skipulagslögum, í andstöðu við sveitarfélögin í landinu, án þess að álit liggi fyrir frá þeirri nefnd Alþingis sem fjallar um skipulagsmál.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs